

# Breyta styrktarrétti lækna til að grípa fleiri

**Veikindaréttur lengdur og fæðingarstyrkur lækkaður. Þetta eru dæmi um breytingar sem urðu á Fjölskyldu- og styrktarsjóði lækna nú um áramótin. Formaður sjóðsins segir að brugðist hafi verið við ákalli lækna en einnig breyttri samsetningu læknaþópsins**

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

„Við viljum með þessu koma til móts við stærri hóp lækna og stór áföll í lífi þeirra. Þetta er tilraun til þess. Svo verðum við að sjá hvernig það reynist,“ segir Gerður Aagot Árnadóttir, nýr formaður FOSL, um breytt styrkjafrirkomulag sjóðsins sem tók gildi 1. mars síðastliðinn. Ákvörðunin verði rýnd í lok árs og endurmetin ef þörf krefji.

„Með breytingunum getur hópur lækna, sem ekki hefur átt möguleika á að sækja í sjóðinn, gert það. Við lengjum veikindagreiðslur um einn mánuð, enda meira um langvinn veikindi í hópnum. Svo grípum við inn í þurfi lækna stærri aðgerðir, eins og tannviðgerðir, maggermi og liðskiptaaðgerðir, sem og aðrar nauðsynlegar heilsufarsaðgerðir sem ekki eru greiddar af sjúkratryggingum,“ segir hún. „Með þessu viljum við dreifa styrkjum víðar og horfa til þess að hægt sé að rétta oftar hjálparhönd þegar lækna þurfa á því að halda,“ segir hún.

Í fyrra fóru 54% greiðslna úr sjóðnum í fæðingarstyrki til lækna, samtals tæp 51 milljón króna. Fyrir áratug nam heildar-

fjárhæð greiddra fæðingarstyrkja rétt rúmum 14 milljónum króna.

„Ungum læknum hefur blessunarlega fjölgað og fæðingarstyrkjum þar af leiðandi líka. Við ákváðum því að endurskoða reglurnar og gera þær sanngjarnari. Hér áður fékk aðeins annað foreldrið hálfan styrk og hitt heilan ef bæði voru lækna, en nú fá báðir fullan styrk,“ segir hún.

Styrkurinn nam áður 520.000 krónum, en er nú 450.000 krónur. „Við viljum sjá hvort þessi breyting sé ekki sanngjarnari fyrir læknaþópin í heild og hvort okkur takist ekki að grípa hvern lækna oftar á starfsævinni með þessum breytingum.“

Gerður segir viðbótarmánuð í veikindastyrk þarfa breytingu. „Það kemur líka betur til móts við unga fólknið okkar, því það hefur ekki sama veikindarétt og þeir sem eldri eru, lendi það í langvinnum veikindum eins og krabbameinsmeðferðum.“

Gerður segir að tiltölulega stífar reglur hafi verið um eingreiðslustyrki en nú sé liðkað fyrir fleiri styrkjum. Styrktarsjóðurinn standi ágætlega. „Við höfum svigrúm og förum því inn á nýjar brautir. Við mun-



Gerður Aagot Árnadóttir, formaður Fjölskyldu- og styrktarsjóðs lækna, FOSL, segir að brugðist hafi verið við ákalli lækna og reglunum breytt.

um meta það hvernig þessar breytingar reynast en markmiðið er að nýta fjármagn sjóðsins fyrir þá sem þurfa mest á því að halda.“

Lækna sem fá laun samkvæmt kjarsamningi greiða í sjóðinn. „Þeir sem eru sjálfstætt starfandi þurfa að taka ákvörðun um það sjálfir og ganga frá því, vilji þeir eiga rétt til styrkja,“ bendir hún á. Hún hvetur lækna til að fara inn á heimasíðu Læknafélagsins og kynna sér breytingarnar.

## Læknafélagið fær lögfræðing

Margrét Gunnlaugsdóttir hæstaréttar lögmaður hefur verið ráðin lögfræðingur hjá Læknafélaginu. Hún hóf störf 1. mars.


„Ég er spennt að kynnast læknum og leysa úr málum sem upp geta komið hjá þeim,“ segir Margrét sem útskrifaðist sem lögfræðingur 1992. Hún hóf ferilinn innan ráðuneyta og hjá Tollstjóranum í Reykjavík en hefur unnið sjálfstætt frá 2003. Hún útskrifaðist með LL.M. meistaraþáttu í Evrópurétti frá Ludwig

Maximilians Universität í München í Þýskalandi árið 2019.

„Tíminn í Þýskalandi var afbragðsgóður. Virkilega gaman að kynnast þýsku mannlífi. Ég ákvað að reyna mig í menntaskólaþýskunni í framhaldsnámi og svo að klára þegar ég sá að tungumálið hamlaði mér ekki.“

Margrét starfar einnig á Lögfræðistofu Reykjavíkur. Hún hefur sérhæft sig á sviði sifja- og erfðaréttar, skaðabótaréttar, réttargæslu og eignaréttar.





Læknadagur í Rímu á málþingi um Louis Pasteur.

### Forseti Íslands á Læknadögum 2022

„Ég þakka ykkur lækna, sérfræðingar og allt annað starfsfólk í heilbrigðisþjónustu fyrir ykkar drjúga þátt í að glíma við þær hremmingar sem við lentum í og höfum glímt við undanfarin misseri,“ sagði Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, á setningarhátíð Læknadaga. Guðni hélt þar tölu ásamt Kristínu Sigurðardóttur, Sveini Waage, Bjarna Karlssyni presti og Steinunni Þórðardóttur formanni LÍ sem setti hátíðina. Nærri 500 lækna voru skráðir til leiks á ráðstefnunna að þessu sinni. Læknadagar voru færðir fram í marsmánuð vegna kórónuveirunnar. Myndirlag



Gestir Læknadaga í Kaldalóni á fyrsta degi.

Kristín Sigurðardóttir, formaður Fræðslustofnunar.

## Læknar hér á landi safna fyrir Úkraínu

**Læknafélag Íslands lagði tæpar 8 milljónir króna til styrktar Úkraínu og nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu þar til Alþjóðafélags lækna, WMA, þann 17. mars. Fjöldi læknafélaga lagði málefnið lið**

Steinunn Þórðardóttir, formaður LÍ, segir ánægjulegt að sjá skjót viðbrögð og samstöðu íslenskra lækna vegna söfnunar félagsins. Áhrif stríðsins á úkraínska innviði séu skelfileg.

„Við höfum áhyggjur af árásum á heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsfólk og að hlutleysi þeirra hafi ekki verið virt,“ segir hún, og að söfnunin muni halda áfram. „Við ákváðum að senda þessa myndarlegu fjárhæð strax af stað en höldum áfram söfnuninni fyrir þá sem enn vilja leggja málefnið lið.“

Félag íslenskra heimilislækna ákvað til að mynda að setja 10% af félagsgjöldum

þessa árs í sjóð LÍ til styrktar lækniþjónustu í Úkraínu. „Átökin koma við okkur og við sjáum svart á hvítu hvernig heilbrigðiskerfið getur farið á hvolf við aðstæður sem þessar, einmitt þegar þörfin er mest,“ segir Margrét Ólafía Tómasdóttir, formaður FÍH.

„Við ákváðum því að stuðla að því að hægt væri efla þjónustuna á þessum stríðstímum. Þetta er mikilvægt málefni,“ segir hún og hvetur til frekari aðgerða. „Fjárstuðningur er eitt en svo þurfum við líka að taka á móti flóttamönnum og standa við bakið á þessu stríðshrjáða fólki.“

Steinunn var í viðtali í Samfélaginu á Rás 1 þann 11. mars þar sem hún sagði brugðist við ákalli læknafélags Úkraínu til Alþjóðasamtaka lækna um hjálpargögn. „Okkur var skylt að bregðast við þessu ákalli og ljúft. Kollegum hérna heima finnst gott að geta stutt félag sína í þessum virkilega erfiðu aðstæðum þarna úti,“ sagði hún þar.

Einstaklingar og fyrirtæki hafi lagt söfnuninni lið. Stjórn LÍ þakkar félagsmönnum frábærar undirtektir við þessari söfnun á heimasíðu sinni.